

Mál nr. 430/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Bifreið rakst utan í blómaker sem skagaði út í götu við gatnamót.****Gögn.**

209. Málskot, móttækið 16.12.2013, ásamt fylgigögnum.

210. Bréf X, dags 19.12.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.8.2012 ók M bifreið sinni, A, suður Klapparstíg og beygði til hægri áleiðis vestur Laugaveg. Rakst þá hægri hlið A utan í allstórt blómaker sem staðsett var að hluta hægra megin á akbraut Laugavegar skammt vestan gatnamótanna. Segir í lögregluskýrslu um atvikið að keríð hafi verið fyrir u.þ.b. 40% af akbrautinni.

Í fyrirbyggjandi gögnum frá V segir að ólíklegt sé að starfsmenn V hafi skilið blómakerið eftir þar sem það var er óhappið varð. Þegar Laugavegi hafi verið breytt í göngugötu fyrr um sumarið hafi blómakerjum verið komið fyrir aðeins nær götunni – þó þannig að slökkvibílar kæmust greiðlega fram hjá þeim. Eftir menningarnótt hafi lokunarskilti verið tekin niður og blómakerin aftur færð fjær götunni. Að áliti V stóð keríð samkvæmt fyrirbyggjandi ljósmynd óvenjulangt inni á götunni þótt ekki hafi virst erfiðleikum bundið að aka bifreiðum fram hjá því. Talið var hugsanlegt að einhverjir vegfarendur hefðu fært keríð til, en það mun vera um 2-300 kg að þyngd.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu hvernig á því stóð að blómakerið skagaði út í götuna eins og ráða má af fyrirbyggjandi ljósmynd. Engu að síður var keríð vel sýnilegt og átti ekki að dyljast þeim sem þarna áttu leið um. Verður að telja að M hafi átt að geta varast keríð er hann beygði inn á Laugaveg ef hann hefur sýnt þá varkárni við aksturinn sem af honum mátti krefjast. Hann á því sök á því hvernig fór. Eins og mál þetta liggur þykir ekki nægilega sýnt fram að á óhappið verði rakið til atvika sem V getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.